

Mættir: Björn Sigurðsson formaður, Ingibjörg Helga Arnardóttir framkvæmdastjóri, Eyleifur Jóhannesson yfirmaður landsliðsmála, Hilmar Örn Jónasson, Leifur Guðni Grétarsson mótastjóri, Júlía Þorvaldsdóttir, Elsa María Guðmundsdóttir, Hörður Oddfríðarson

Afboða, mæta ekki : Oddur Örnólfsson, Viktoría Gísladóttir og Bjarney Guðbjörnsdóttir

Fundur 22.09.2022 settur kl. 18.00

1. Fundargerð síðasta fundar

Farið var yfir fundargerð síðasta fundar og hún samþykkt

2. Mót og starfsemi

- a. Haldin var stefnumótunarfundur stjórnar þann 6. September með fólki frá Dale Carnegie til að fara yfir mótamál SSÍ og hvernig betur megi haga utanumhaldi og verklagi í kringum mótin. Fundurinn tókst mjög vel og margar góðar hugmyndir komu fram. Farið var yfir úrvinnslupunkta en úrvinnsla fundarins er þegar r hafin og stefnt er að því að út honum komi uppfærð handbók um mótamál ásamt verkefnalistum með tímaplani fyrir hvern verkið. Þessi vinna verður gerð aðgengileg fyrir hreyfinguna.
- b. Ingibjörg Kristín Jónsdóttir hefur verið ráðin í mótamálin með Leifi Guðna. Hlutverk Ingibjargar verður aðallega tengt markaðsmálum móta upplifun allra þeirra sem að mótinu koma og miðlun þeirra.
- c. Haldin var formannafundur þann 8. september í húsakynnum ÍSÍ. Í framhaldi af fundinum var haldin fundur þar sem farið var í gegnum mótamál tengdum AMÍ og SMÍ. Báðir fundir tókust mjög vel og var mæting góð og uppbyggileg og þörf umræða átti sér stað. Fundargerðir fundanna eru aðgengilegar á heimasíðu. Samþykktar voru breytingar á reglugerðum um SSÍ mót í takt við niðurstöðu fundarins og einnig í tengslum við lágmörk SSÍ móta. Breytingarnar verða gerðar aðgengilegar á heimasíðu.
- d. Komið hefur tilboð frá Advania um uppfærslu á heimasíðu SSÍ. Leifur Guðni, Hilmar og Ingibjörg fóru yfir málin. Samþykkt var að fara í þessa vinnu og fara í „brons“ pakkann. Björn, Ingibjörg
- e. og Leifur Guðni fylgja málinu eftir.
- f. Hilmar Örn Jónasson hefur óskað eftir að hætta í stjórn SSÍ vegna mikilla anna á öðrum vettvangi. Hann mun starf með okkur áfram í nokkrar vikur þangað til að annar aðili fæst til starfa.
- g. Að gefnu tilefni vil stjórn SSÍ ítreka reglugerð um félagaskipti og félög innan lögsögu SSÍ fari að reglum.
- h. Framkvæmdastjóri og formaður áttu fund með Mladen hjá SH um að sjá um Waterpolo og formlega setja Íslandsmót af stað með tilheyrandi þjónustu ogra SSÍ og þjónustugjöldum og keppnisgjöldum frá keppendum. SH og KR eru með lið og reyna á að fá Ármann til að taka þátt í þessu líka. Farið var yfir tillögur frá Mladen sem hægt settar verða í reglugerðir mótanna. Mladen mun taka þessa vinnu að sér en það á endanlega eftir að útfæra það. Setja upp grunn að þjónustu- og mótageöldum bæði fyrir Garpa og Polo

- i. Dómararáðstefna LEN verður haldin í Dublin 25-28 nóvember næstkomandi. Alls sóttu 5 aðilar um að fara á ráðstefnduna. SSÍ mun greiða fyrir 3 aðila á ráðstefnuna og félög tveggja hafa samþykkt að greiða fyrir þá.
- j. Farið yfir tillögur frá upptillingnefnd dómaranefndar um FINA dómara listi #22 eftir að umsóknir höfðu borist. Tillögur uppstillinganefndar samþykkar

3. Afreksmál

- a. Þjálfararáðstefna var haldin í Borgarnesi 17. – 18 sept. Fjölmargir fyrirlesarar tóku þátt og góð stemning var í hópnum og allir að vinna að sömu markmiðum. Mjög góð mæting var á fundinn. Á ráðstefnunni voru nokkrir þjálfarar verðlaunaðir sérstaklega fyrir góðan árangur sundmanna þeirra á árinu.
- b. Samþykktar voru framlagðar tillögur lágmark fyrir sundmót SSÍ fyrir sundárið. Lágmarkin verða send út á hreyfinguna.
- c. Mælingar landsliðshópa fóru fram daganna 14.-16 september. Aukin áhugi er á þessum mælingum og eru þjálfarar í auknum mæli farnir að notfæra sér þær við þjálfun.
- d. Eyleifur mun á næstunni heimsækja þau félög sem eiga afreksfólk í landsliðshópum okkar. Þá mun hann einnig fara til Akureyrar og funda með nýjum formanni Óðins og kíkja á æfingar hjá þeim. Einnig verður kíkt til Bolungavíkur til að kynna sér æfingar og fundað með stjórnarfólki.
- e. Jóna Helena úr ÍRB mun fara á Neskaupsstað og vera með fræðslu.

4. Fundargerðir nefnda

- Fundargerð formannafundar og fundar um SMÍ og AMÍ frá 8. Sept

5. Félagaskipti

Nafn:	Fyrri félag:	Nýtt félag:	dags. mótt.	Tekur gildi
-------	--------------	-------------	-------------	-------------

6. Staðfesting meta

25 metra laug

Unglingamet strákar

Grein:	Nafn:	Félag:	Tími:	Dags:	Staður:
50m bringusund	Daði Björnsson	SH	00.27.95	24.09.2022	RVK
100m bringusund	Daði Björnsson	SH	01.01.12	24.09.2022	RVK

Unglingamet stelpur

Grein:	Nafn:	Félag:	Tími:	Dags:	Staður:
--------	-------	--------	-------	-------	---------

7. Aðsend bréf

Dags	Efni	Sendandi
15.08.22	Urriðasholtsskóli Sundlaug	Úti og Inni Arkitektar

8. Önnur mál:

- a. Fyrirspurn hefur borist frá arkitektastofu sem er að hanna áfanga að íþróttamannvirkjum í Garðabæ. Málinu vísað til mannvirkjanefndar. Mannvirkjanefnd hefur fundað. Annar fundur á fimmtudag og farið yfir málið með arkitektunum.
- b. Árleg ráðstefna LEN verður haldin í Tyrklandi 21-22. október
- c. Technical congress Hörður og Leifi
- d. Hörður gerði grein fyrir störfum sínum á EM Garpa í Róm en Hörður er formaður garpanefnda LEN og nefndarmaður í garpanefnd FINA.
- e. SSÍ tók þátt í kostnaði við að senda yfirdómara til Akureyrar í tengslum við Sprengimót Óðins. Haldið var dómaramámskeið í leiðinni..
- f. Mótastarismenn áttu fund með forsvarsmanni og starfsmönnum Laugardalslaugar (Árni, Brá og Hildur) varðandi aðstöðu í lauginni.
- g. Mótastarismenn hyggjast einnig eiga fund með dómara nefnd á næstunni.

Ekki meira rætt og fundi slitið kl: 21.00